

## 1996 nr. 90 13. júní

### Lögreglulög

**Tóku gildi 1. júlí 1997.** *Breytt með:* L. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997). L. 29/1998 (tóku gildi 29. apríl 1998). L. 78/1998 (tóku gildi 1. júní 1998). L. 121/1999 (tóku gildi 30. des. 1999). L. 15/2000 (tóku gildi 28. apríl 2000). L. 49/2000 (tóku gildi 26. maí 2000). L. 155/2000 (tóku gildi 1. jan. 2001). L. 56/2002 (tóku gildi 14. maí 2002). L. 44/2003 (tóku gildi 3. apríl 2003). L. 56/2004 (tóku gildi 14. júní 2004). L. 46/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007 nema 6. gr. og ákvæði til bráðabirgða sem tóku gildi 16. júní 2006). L. 85/2007 (tóku gildi 1. júlí 2007). L. 34/2008 (tóku gildi 31. maí 2008 nema ákvæði til bráðabirgða sem tóku gildi 8. maí 2008). L. 82/2008 (tóku gildi 1. júní 2008, birt í Stjórd. 19. júní 2008). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brábkv. VII sem tóku gildi 21. júní 2008). L. 147/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 16/2011 (tóku gildi 4. mars 2011). L. 82/2011 (tóku gildi 1. sept. 2011 nema brábkv. sem tóku gildi 30. júní 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 50/2012 (tóku gildi 26. júní 2012). L. 51/2014 (tóku gildi 31. maí 2014 nema 3. og 4. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2015). L. 47/2015 (tóku gildi 1. jan. 2016 nema brábkv. og 22. og 23. gr. sem tóku gildi 15. júlí 2015). L. 61/2016 (tóku gildi 22. júní 2016). L. 62/2016 (tóku gildi 1. jan. 2017). L. 141/2018 (tóku gildi 1. jan. 2019). L. 144/2018 (tóku gildi 29. des. 2018). L. 71/2019 (tóku gildi 5. júní 2019). L. 75/2019 (tóku gildi 5. júní 2019). L. 141/2019 (tóku gildi 1. jan. 2020). L. 50/2021 (tóku gildi 8. júní 2021). L. 112/2021 (tóku gildi 1. jan. 2022). L. 14/2023 (tóku gildi 6. apríl 2023; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 23. gr.; um lagaskil sjá 23. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

### I. kaffli. Hlutverk lögreglu o.fl.

#### ■ 1. gr. Hlutverk.

- 1. Ríkið heldur uppi starfsemi lögreglu.
- 2. Hlutverk lögreglu er:

a. að gæta almannaoryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmaða starfsemi,

b. að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir at-hafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins,

c. að vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmæta hátt-semi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð [sakamála]<sup>1)</sup> eða öðrum lögum,

d. að greiða gótu borgaranna eftir því sem við á og aðstoða þá þegar hætta steðjar að,

e. að veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna samkvæmt fyrirmælum laga eða venju eftir því sem þörf er á,

f. að starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði lög-reglu,

g. að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin í lögum eða leiðir af venju.

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

#### ■ 2. gr. Tengsl við þjóðarétt.

- Lögregla skal í störfum sínum hafa í heiðri þær þjóðrétt-arlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist.

#### ■ 3. gr. Lögreglumenn.

- Til lögreglumanna teljast þeir sem skipaðir eru eða settir til lögreglutarfs skv. [4. mgr.]<sup>2)</sup> 28. gr. eða ráðnir tímabundið skv. [5. mgr.]<sup>3)</sup> 28. gr.

<sup>2)</sup> L. 51/2014, 1. gr.

### II. kaffli. Skipulag lögreglu og æðsta stjórn.

#### ■ 4. gr. Æðsta stjórn lögreglu.

- [Ráðherra]<sup>4)</sup> er æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu. Ríkislögreglurstjóri fer með málfni lögreglunnar í umboði hans. . . .<sup>5)</sup>

<sup>4)</sup> L. 126/2011, 225. gr. <sup>5)</sup> L. 50/2021, 1. gr.

#### ■ 5. gr. Ríkislögreglurstjóri.

- 1. Hlutverk ríkislögreglurstjóra er:

a. að flytja og kynna lögreglustjórum boð og ákværðanir æðstu handhafa ríkisvaldsins sem snerta starfsemi lögreglunnar með einum eða öðrum hætti og vinna að og fylgjast með að þeim ákvörðunum verði fylgt í starfsemi lögreglunnar,

b. að láta [ráðherra]<sup>1)</sup> í té upplýsingar um hvers konar lögreglumálefni sem hann getur notað til að undirbúa og byggja ákværðanir sínar á,

c. að gera tillögur til [ráðherra]<sup>1)</sup> um almenn fyrirmæli til lögreglurstjóra,

d. að vinna að og gera tillögur um hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi í starfsemi lögreglunnar,

e. að annast alþjóðasamskipti á svíði löggæslu,

f. að veita lögreglustjórum aðstoð og stuðning í lögreglu-störfum,

g. að annast viðfangsefni sem eðli máls samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhæfingu á lands-vísu eða samstarf við lögreglu í öðru landi,

h. að hafa með höndum yfirstjórn eða gefa fyrirmæli um framkvæmd einstakra löggæsluverkefna sem krefjast viða-miks undirbúnings eða þátttöku lögreglumannar úr fleiri en einu umdæmi. Ríkislögreglurstjóri skal að fengnu samþykki [ráðherra]<sup>1)</sup> tilkynna hlutaðeigandi lögreglurstjóra eða lögreglustjórum ákvörðun sína varðandi stjórn löggæsluverkefnis með hæfilegum fyrirvara,

i. að halda málaskrá um kærur sem berast lögreglu um afbrot með öllum nauðsynlegum upplýsingum sem mál varða, dagbók lögreglu með upplýsingum um erindi til lögreglu og úrlausn þeirra, skrá yfir handtekna menn og aðrar skrár sem nauðsynlegar eru í þágu löggæsluhagsmunu til að afstýra yfirvofandi hættu eða sporna við afbrotum. [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur nánari reglur<sup>2)</sup> um þessar skrár],<sup>3)</sup>

[j. að annast málfni almannavarna í umboði [ráðherra].<sup>1)</sup>]<sup>4)</sup>

[k. að starfrækja lögregluráð, sbr. 6. gr. a].<sup>5)</sup>

□ 2. Sérstök verkefni sem ríkislögreglurstjóra ber að hafa með höndum eru:

a. . . .<sup>6)</sup>

b. [að starfrækja lögreglannsóknardeild og greiningardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggur mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi],<sup>7)</sup>

c. að starfrækja almenna deild er annist kerfisbundna skráningu upplýsinga um lögreglumálefni, hafi umsjón með kaupum á ökutækjum, búnaði og fatnaði lögreglu og hafi reglulegt eftirlit með lögreglurstöðvum, tækjum þeirra og búnaði,

d. að starfrækja alþjóðadeild er annist alþjóðleg boðskipti,

e. [að starfrækja rannsóknastofu sem hafi eftirlit með framkvæmd tæknirannsókna lögreglu, þar með rekstri mið-lægra gagnagrunna lögreglu á svíði tæknirannsókna, annist erlend samskipti vegna tæknirannsókna og samstarf, haldi skrá um horfið fólk og hafi umsjón með störfum kennsla-nefndar og útgáfu leiðbeininga og verklagsreglna um tæknirannsóknir sem ríkislögreglurstjóri setur],<sup>8)</sup>

[f. . . .<sup>5)</sup>]<sup>9)</sup>

[g. að starfrækja almannavarnadeild sem annist verkefni á svíði almannavarna],<sup>10)</sup>

[h. að starfrækja mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu, sbr. VIII. kaffla],<sup>11)</sup>

[i. að starfrækja stoðdeild sem annast m.a. framkvæmd ákvarðana um brottvísanir og frávísanir samkvæmt lögum um útlendinga].<sup>12)</sup>

3. [Ráðherra]<sup>1)</sup> mælir nánar fyrir<sup>13)</sup> um starfsemi ríkislögreglustjóra.

4. [Heimilt er að skipa aðstoðarríkislögreglustjóra sem er staðgengill ríkislögreglustjóra.]<sup>14)</sup>

5. Þegar ríkislögreglustjóri er svo við málsefni eða aðila riðinn að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því skal hann víkja sæti og setur [ráðherra]<sup>1)</sup> þá löghæfan mann til meðferðar þess máls.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 141. gr. <sup>2)</sup> Rg. 577/2020. <sup>3)</sup> L. 15/2000, 10. gr. <sup>4)</sup> L. 82/2008, 35. gr. <sup>5)</sup> L. 50/2021, 2. gr. <sup>6)</sup> L. 47/2015, 23. gr. <sup>7)</sup> L. 46/2006, 1. gr. <sup>8)</sup> L. 56/2004, 1. gr. <sup>9)</sup> L. 78/1998, 1. gr. <sup>10)</sup> L. 44/2003, 10. gr. <sup>11)</sup> L. 61/2016, 1. gr. <sup>12)</sup> L. 14/2023, 24. gr. <sup>13)</sup> Rg. 804/2007. Rg. 325/2021. <sup>14)</sup> L. 51/2014, 2. gr.

#### ■ 6. gr. [Löggregluumdæmi og stjórn þeirra.]

[1. Landið skiptist í níu löggregluumdæmi. Með löggreglu-stjórn fara löggreglustjórar sem hér segir:

1. Löggreglustjórin á höfuðborgarsvæðinu.
2. Löggreglustjórin á Vesturlandi.
3. Löggreglustjórin á Vestfjörðum.
4. Löggreglustjórin á Norðurlandi vestra.
5. Löggreglustjórin á Norðurlandi eystra.
6. Löggreglustjórin á Austurlandi.
7. Löggreglustjórin á Suðurlandi.
8. Löggreglustjórin á Suðurnesjum.
9. Löggreglustjórin í Vestmannaeyjum.

2. Umdæmamörk löggregluembætta skulu ákveðin í reglugerð<sup>1)</sup> sem ráðherra setur með hliðsjón af skipulagi annarrar opinberrar þjónustu í umdæmum og að höfðu samráði við löggreglustjóra, Samband íslenskra sveitarfélaga og lands-hlutasantók sveitarfélaga.

3. Ráðherra ákveður í reglugerð<sup>1)</sup> hvar aðalstöð löggreglustjóra skal staðsett og hvar löggreglustöðvar verða starfræktar, að höfðu samráði við löggreglustjóra.

4. Löggreglustjóri ákveður hvaða starfsfólk hefur aðsetur á aðalstöð löggreglu annars vegar og á löggreglustöðvum hins vegar.

5. Við embætti löggreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum er heimilt að skipa aðstoðarlöggreglustjóra. Aðstoðarlöggreglustjóri er staðgengill löggreglustjóra, sbr. þó 3. mgr. 28. gr. Öðrum löggreglustjórum er heimilt að ákveða að starfsmaður embættisins sé staðgengill löggreglustjóra enda fullnægi hann skilyrðum 2. mgr. 28. gr.

6. Löggreglustjórar fara með stjórn löggregluliðs, hver í sínu umdæmi. Þeir annast daglega stjórn og rekstur löggreglunnar í umdæminu og bera ábyrgð á framkvæmd löggreglutarfa innan þess.

7. Störf löggreglu skulu samhæfð og samræmd eftir því sem við verður komið. Ráðherra setur nánari reglur<sup>2)</sup> um fyrirkomulag samvinnu löggregluembætta, að fengnum tillögum ríkislöggreglustjóra.

8. Löggreglustjórar fara með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða á landi. Um björgun sem heyrin undir skipulag almannavarna gilda sérstök lög. Ráðherra setur reglur<sup>3)</sup> um samstarf löggreglu og björgunarsveita.]<sup>4)</sup>]<sup>5)</sup>

[9. Héraðssaksóknari fer með löggreglustjórn á sínu verksviði, sbr. 8. gr., og hefur stöðu og almennar heimildir löggreglustjóra samkvæmt þessum lögum og lögum um meðferð sakamála.]<sup>6)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 1150/2014. <sup>2)</sup> Rgl. 1053/2006. Rgl. 895/2016. <sup>3)</sup> Rg. 289/2003. <sup>4)</sup> L. 51/2014, 3. gr. <sup>5)</sup> L. 46/2006, 2. gr. <sup>6)</sup> L. 47/2015, 24. gr.

#### ■ [6. gr. a. Löggregluráð.]

1. Í löggregluráði eiga sæti allir löggreglustjórar og héraðssaksóknari og er hlutverk þess að efla samráð á meðal löggreglustjóra. Markmið löggregluráðs er að samhæfa störf löggreglu með það að leiðarljósi að tryggja hagræðingu, framþróun og öryggi í starfsemi löggreglu.

2. Ráðherra setur nánari reglur um starfsemi löggregluráðs.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 50/2021, 3. gr.

#### ■ 7. gr. Starfssvæði löggreglu.

1. Löggreglumenn hafa löggregluvald hvar sem er á landinu.

2. Starfssvæði löggreglumanns er það umdæmi sem hann er skipaður, settur eða ráðinn til þess að starfa í.

3. [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur ákveðið að hluti löggregluliðs skuli gegna löggreglustörfum alls staðar á landinu. Hann setur reglur<sup>2)</sup> um störf þess löggregluliðs og hvernig stjórn þess skuli háttáð.

4. Heimilt er að víkja frá ákvæði 2. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

a. [Ríkislöggreglustjóri getur ákveðið að höfðu samráði við löggreglustjóra að löggreglulið í einu umdæmi skuli tíma-bundið gegna löggreglustörfum í öðru umdæmi og ákveður þá jafnfram hver skuli fara með stjórn þess. [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur samkvæmt tillögu ríkislöggreglustjóra kveðið á um skipulagt samstarf löggregluliða við framkvæmd og stjórnun ákveð-inna löggregluverkefna og miðlun mannafla milli löggreglu-liða á tilteknu svæði til að gæta almannöryggis og halda uppi lögum og reglu. Þá getur ráðherra samkvæmt tillögu ríkislöggreglustjóra falið löggreglustjórum tímabundið tiltekin löggregluverkefni utan síns umdæmis ef hagfellt þykir vegna staðháttá.]<sup>3)</sup>

b. Löggreglumanni er heimilt að fara út fyrir starfssvæði sitt til þess að ljúka löggregluáðgerð sem hann hefur hafið innan þess. Á sama hátt getur löggreglumaður unnið löggregluverk utan umdæmis síns ef verkefnið krefst þess eða brýna nauðsyn ber til.

c. Löggreglumanni, sem er að störfum en á leið um annað löggregluumdæmi, er heimilt að hafa afskipti af mönnum sem hann stendur að lögþrotum.

5. Löggreglumaður skal tilkynna yfirmanni sínum um aðgerðir sínar skv. b- og c-liðum 4. mgr. svo fljótt sem kostur er. Með sama hætti ber að tilkynna löggreglustjóra hlutaðeigandi umdæmis um aðgerðir löggreglumanns.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 141. gr. <sup>2)</sup> Rg. 774/1998. Rg. 335/2005. <sup>3)</sup> L. 29/1998, 2. gr.

#### ■ 8. gr. [Löggreglurannsóknir.]

[1. Löggreglan annast rannsókn brota undir stjórn héraðssaksóknara eða löggreglustjóra. Brot skal rannsaka í því umdæmi þar sem þau eru framin, sbr. þó ákvæði 2. mgr. þessarar greinar, b-liðar 2. mgr. 5. gr. og 35. gr. Ráðherra setur nánari reglur<sup>1)</sup> samkvæmt tillögu ríkissaksóknara um hvernig stjórn rannsóknar skuli háttáð, hvenær brot skuli rannsak-ð undir stjórn ríkislöggreglustjóra skv. b-lið 2. mgr. 5. gr. og um rannsóknaraðstöð. Ráðherra setur samkvæmt tillögu ríkissaksóknara nánari reglur um stjórn löggreglurannsókna og samvinnu héraðssaksóknara og löggreglustjóra við rannsókn sakamála. Mæli sérstakar ástæður með því er ráðherra heimilt að tillögu ríkissaksóknara að kveða á um að rannsókn til-tekinna brotaflokká í umdæmi löggreglustjórans á Norðurlandi vestra og í Vestmannaeyjum fari fram í öðru umdæmi.

2. Héraðssaksóknari annast rannsókn brota gegn XII. kafla, alvarlegra brota gegn 128.-129. gr., 179. gr., 247.-251. gr., 253.-254. gr., 262. gr., 264. gr. a) almennra

hegningarlaga, alvarlegra brota gegn skatta- og tollalögum, brota gegn lögum sem varða gjaldeyrismál, samkeppni, verðbréf, lánsviðskipti og aðra fjármálastarfsemi, umhverfisvernd, vinnuvernd, stjórn fiskveiða og annarra alvarlegra, óvenjulegra eða skipulagðra fjármunabrota sem tengjast attvinnurekstri eða verslun og viðskiptum [sem og brota gegn lögum um refsingar fyrir hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði]<sup>2)</sup> [og brota gegn kosningalögum].<sup>3)</sup> Einnig er honum heimilt að annast rannsókn brota sem tengjast framangreindum brotum. Ríkissaksóknari getur falið heraðssaksóknara rannsókn annarra brota.

- 3. Héraðssaksóknari annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Héraðssaksóknari annast einnig greiningu á tilkynningum og miðlun upplýsinga sem fengnar eru með þeim hætti til annarra stjórnvalda að því marki sem nauðsynlegt er.
- 4. Héraðssaksóknari skal vinna að endurheimt og upp töku ólögmæts ávinnings af hvers kyns refsiverðri háttsemi í tengslum við löggreglurannsóknir við embætti hans og önnur lögreglustjóraembætti.]<sup>4)</sup>
- 5. ...<sup>5)</sup>
- 6. Við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu skal starfrækt tæknideild sem sinni vettvangsranncónum, samanburðarrannsónum og öðrum slíkum rannsónum og varðveisiti fingrafarasafn lögreglu og ljósmyndasafn og haldi því við. Tæknideildin skal þjóna öllum löggreglumánum landsins og setur ríkislöggreglustjóri nánari reglur um starfrækslu hennar.
- [7. Lögreglustjórar og aðrir þeir sem fara með löggregluvald mega ekki rannsaka brot ef þeir eru vanhæfir til þess samkvæmt stjórnsýslulögum, sbr. þó 5. mgr. 5. gr. Starfsmenn þess lögreglustjóra, sem vanhæfur er, geta þó rannsakað mál undir stjórn annars lögreglustjóra nema þeir séu sjálfir vanhæfir til að fara með málið samkvæmt stjórnsýslulögum.]<sup>6)</sup>
- [8. Ríkissaksóknari sker úr um valdsvið heraðssaksóknara gagnvart löggreglustjórum og milli löggreglustjóra innbyrðis, varðandi rannsóknir brota, ef vafi ríss um það.]<sup>7)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 804/2007. Rg. 660/2017. <sup>2)</sup> L. 144/2018, 11. gr. <sup>3)</sup> L. 112/2021, 144. gr. <sup>4)</sup> L. 47/2015, 25. gr. <sup>5)</sup> L. 51/2014, 4. gr. <sup>6)</sup> L. 88/2008, 234. gr. <sup>7)</sup> L. 46/2006, 3. gr.

### ■ 9. gr. Handhafar löggregluvalds.

- [1. Ríkislöggreglustjóri, aðstoðarríkislöggreglustjóri, heraðssaksóknari, varahéraðssaksóknari, lögreglustjórar, aðstoðarlöggreglustjórar á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, ...<sup>1)</sup> löglærðir fulltrúar löggreglustjóra og löggreglumenn fara með löggregluvald.]<sup>2)</sup>
- 2. [Ráðherra]<sup>3)</sup> er heimilt í undantekningartilvikum að fela öðrum starfsmönnum lögreglu löggregluvald tímabundið til að sinna sérstökum verkefnum.
- 3. [Áhafnir varðskipa og gæsluflugvél] fara með löggregluvald þegar þær annast eða aðstoða við löggregluvald.
- 4. [[[Tollyfirvöld],<sup>5)</sup> löglærðir fulltrúar [þeirral]<sup>6)</sup>] og tollverðir fara með löggregluvald á sínu starfssviði og þegar þeir annast eða aðstoða við löggregluvald.]<sup>7)</sup>
- 5. Hreppstjórar fara með löggregluvald samkvæmt lögum um hreppstjóra.
- 6. Héraðslöggreglumenn fara með löggregluvald þegar þeir gegna starfinu.
- 7. Þeir sem kvaddir eru lögreglu til aðstoðar lögum samkvæmt fara með löggregluvald á meðan þeir gegna starfanum.

- 8. Nemar í [löggreglufræðum]<sup>1)</sup> fara með löggregluvald þegar þeir gegna löggreglustarfi.

□ [9. Sérfróðir starfsmenn heraðssaksóknara og löggreglustjóra hafa, samkvæmt nánari ákvörðun heraðssaksóknara eða löggreglustjóra, heimild til að annast skýrslutöku á rannsóknarstigi af sakborningum og vitnum.]<sup>2)</sup>

- [10. Erlendir löggreglumenn sem koma til starfa hér á landi skv. 1. mgr. 11. gr. a fara með löggregluvald.]<sup>8)</sup>

<sup>1)</sup> L. 61/2016, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 47/2015, 26. gr. <sup>3)</sup> L. 162/2010, 141. gr. <sup>4)</sup> L. 29/1998, 3. gr. <sup>5)</sup> L. 141/2019, 45. gr. <sup>6)</sup> L. 147/2008, 44. gr. <sup>7)</sup> L. 155/2000, 24. gr. <sup>8)</sup> L. 50/2021, 4. gr.

### ■ 10. gr. Héraðslöggreglumenn.

- 1. Löggreglustjóra er heimilt að fengu samþykki ríkislöggreglustjóra að ráða heraðslöggreglumenn til starfa í umdæmi sínu, enda fullnægi þeir skilyrðum í [a-, b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 38. gr.]<sup>1)</sup>

□ 2. Hlutverk heraðslöggreglumanna er að gegna almennum löggreglustörfum þegar á þarf að halda, þar á meðal að halda uppi lögum og reglu á mannfundum og skemmtunum undir stjórn löggreglumanna.

- 3. [Ráðherra]<sup>2)</sup> setur reglur<sup>3)</sup> um fjölda heraðslöggreglumanna og störf þeirra.

□ 4. Héraðslöggreglumenn njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og löggreglumenn á meðan þeir gegna löggreglustörfum.

<sup>1)</sup> L. 61/2016, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 141. gr. <sup>3)</sup> Rg. 283/1997, sbr. 961/2008 og 1037/2008.

### ■ 11. gr. [Samvinna lögreglu við önnur stjórnvöld og stofnanir og aðra aðila.]<sup>1)</sup>

- 1. Löggreglan skal aðstoða ákærvaldið við störf þess.

□ 2. Lögregla skal, eftir því sem þörf er á, hafa gagnkvæmt samstarf við önnur stjórnvöld, stofnanir, félagsamtök og einkaaðila við löggreglurannsóknir, framkvæmd löggregluvald og önnur verkefni. Er lögreglu og samstarfsaðilum heimilt að skiptast á upplýsingum, þar á meðal persónuupplýsingum, að því marki sem nauðsynlegt er, til að lögregla eða samstarfsaðili geti sinnt lögþundnu hlutverki sínu. Sérstaklega skal lögregla vinna með félagsmála-, heilbrigðis- og menntamálayfirvöldum að forvörnum eftir því sem tilefni gefst til og aðstæður leyfa og upplýsa þessa aðila um málefni sem krefjast afskipta þeirra.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 50/2021, 5. gr.

### ■ 11. gr. a. Samstarf við erlend löggreglufirvöld og alþjóðastofnanir.

□ 1. Lögregla skal eiga samstarf við erlend löggreglufirvöld og alþjóðastofnanir á svíði löggregluvald. Við löggreglurannsóknir og framkvæmd annarra löggregsluverkefna er ríkislöggreglustjóra, öðrum löggreglustjórum og heraðssaksóknara, að fengu samþykki ríkislöggreglustjóra, heimilt að taka á móti erlendum löggreglumönnum. Meðan á dvöl þeirra stendur starfa þeir undir stjórn og leiðsögn viðkomandi löggreglustjóra, eftir atvikum í samráði við hið erlenda löggreglufirvald. Ríkislöggreglustjóri ákveður hvort erlendir löggreglumenn hér á landi skuli fara með löggregluvald. Í sama tilgangi er ríkislöggreglustjóra, öðrum löggreglustjórum og heraðssaksóknara, að fengu samþykki ríkislöggreglustjóra, heimilt að senda löggreglumenn tímabundið til starfa erlendis. Við störf þeirra erlendis njóta þeir sömu réttinda og bera sömu skyldur og hér á landi.

□ 2. Lögreglu er heimilt að skiptast á upplýsingum úr ökutækjaskrá og upplýsingum um erfðaefni og fingraför við erlend löggreglufirvöld í löggregslutilgangi. Jafnframt er lögreglu heimilt að miðla öðrum persónuupplýsingum sem

tengjast þessum upplýsingum beint, eftir atvikum í samræmi við ákvæði laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum. Heimilt er að miðla framangreindum upplýsingum að því marki sem nauðsynlegt er til að ná áætluðum tilgangi.

□ 3. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur<sup>1)</sup> um samstarf löggreglu við erlend löggregluyfirvöld og alþjóðastofnanir, þar á meðal um vopnaburð erlendra löggreglumannna og upplýsingaskipti skv. 2. mgr., einkum að því er varðar gagnkvæma notkun gagnagrunga og aðgang að þeim.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rgl. 690/2022. <sup>2)</sup> L. 50/2021, 6. gr.

### ■ 12. gr. Samstarfsnefndir löggreglu og sveitarfélaga.

□ 1. [Í hverju löggregluumdæmi skulu starfa ein eða fleiri samstarfsnefndir um málefni löggreglunnar. Í samstarfsnefnd skulu sitja löggreglustjóri viðkomandi löggregluumdæmis, sem jafnframt er formaður hennar, og sveitarstjórar þeirra sveitarfélaga sem eru í löggregluumdæminu eða eru á því svæði þar sem nefndin starfar. Fundi skal halda eigi sjaldnar en tvívar á ári.]<sup>1)</sup>

□ 2. Nefndin er vettvangur fyrir samskipti og samvinnu löggreglunnar og sveitarfélaga í umdæminu. Hún gerir m.a. tillögur um úrbetur í málefnum sem varða löggæslu í umdæmi hennar og beitir sér fyrir því að almenningi verði kynnt starfsemi löggreglunnar.

<sup>1)</sup> L. 51/2014, 6. gr.

### III. kaffi. Skyldur löggreglumannna og framkvæmd lögreglustarfa.

#### ■ 13. gr. Almennar reglur.

□ 1. Handhafa löggregluvalds ber að sýna árvekni í starfi sínu og kunna glögg skil á skyldum sínum og þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir.

□ 2. Handhafa löggregluvalds ber að rækja starfa sinn af kostgæfni og samviskusemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og rétsýni. Þeir skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakadaðan mann harðræði fram yfir það sem lög heimila og nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótlróa hans gegn lögmætum aðgerðum né á annan hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum.

□ 3. [Við framkvæmd starfa sinna skulu handhafar löggregluvalds bera á sér sérstök skilríki. Ráðherra ákveður útlit, efni og notkun löggregluskilríkja með reglugerð.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 380/2019. <sup>2)</sup> L. 29/1998, 4. gr.

#### ■ 14. gr. Valdbeiting.

□ Handhöfum löggregluvalds er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna. Aldrei mega þeir þó ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni.

#### ■ 15. gr. Aðgerðir í þágu almannafriðar; allsherjarreglu ofl.

□ 1. Löggreglu er heimilt að hafa afskipti af borgurunum til að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu eða koma í veg fyrir yfirvofandi röskun til að gæta öryggis einstaklinga eða almennings eða til að afstýra afbrotum eða stöðva þau.

□ 2. Í þessu skyni er löggreglu m.a. heimilt að taka í sínar hendur umferðarstjórn, banna dvöl á ákveðnum svæðum, svo sem með því að girða af eða hindra umferð um þau, taka í sínar vörlur hættulega muni, vísa á brott eða fjarlægja fólk, fyrirskipa stöðvun eða breytingu á aðgerðum eða starfsemi, fara inn á svæði í einkaeign og fyrirskipa brottflutning fólks af þeim.

□ 3. [Ef uggvænt þykir að óspektir verði á mótmælafundi, í kröfugöngu eða á annarri slíkri samkomu á opinberum stað af þeim.

er löggreglu heimilt að banna að maður breyti andlti sínu eða hylji það eða hluta þess með grímu, hettu, málningu eða öðru þess háttar sem er til þess fallið að koma í veg fyrir að kennsl verði borin á hann.]<sup>1)</sup>

□ 4. Óhlýðnist maður fyrirmælum löggreglu [skv. 2. og 3. mgr.]<sup>1)</sup> getur hún gripið til nauðsynlegra ráðstafana á hans kostnað til að koma í veg fyrir að óhlýðni hans valdi tjóni eða stofni almenningi í hættu.

□ 5. Löggreglu er heimilt að krefjast þess að maður segi til nafns síns, kennitölu og heimilisfangs og sýni skilríki því til sönnunar.

□ 6. Löggreglu er heimilt að hafa afskipti af málefnum sem samkvæmt lögum heyra undir önnur stjórnvöld ef það er talið nauðsynlegt til að stöðva eða koma í veg fyrir alvarlega röskun á almannafriði og allsherjarreglu og ekki næst til viðkomandi stjórnvalds eða aðgerðir af þess hálfu eru útilokaðar, þyðingarlausar eða fyrirsjánalegt er að þær muni hefjast of seint. Tilkynna skal hlutaðeigandi stjórnvaldi um aðgerðir löggreglu svo fljótt sem auðið er.

<sup>1)</sup> L. 56/2002, 2. gr.

#### ■ 16. gr. Heimild til handtöku.

□ 1. Handhafa löggregluvalds er heimilt að handtaka mann og færa á löggreglustöð eða á annan stað þar sem löggregla hefur aðstöðu:

a. í þeim tilgangi að halda uppi lögum og reglu, svo sem ef maður ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli eða hættu á óspektum,

b. ef hann hefur hér ekki landvistarleyfi,

c. ef hann á að afplána refsingu,

d. ef hann hefur leyfislaust víkið úr fangelsi,

e. ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi rofið í verulegum atriðum skilríði sem honum hafa verið sett í skilorðsbundnum dóum, reynslulausn eða náðun.]<sup>1)</sup>

□ 2. Lögregla skal gera manni grein fyrir ástæðum þess að hann er færður á starfsstöð löggreglu. Ekki má halda manni lengur en nauðsyn ber til.

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

#### ■ 17. gr. Leit á mönnum.

□ 1. Löggreglu er heimilt ef ástæða er til að leita að vopnum eða öðrum hættulegum munum á hverjum þeim sem fjarlægður er eða handtekinn af löggreglu.

□ 2. Sé maður vistaður í fangageymslu er löggreglu heimilt að leita á honum og taka til varðveislu muni sem hann hefur á sér og hann getur notað til þess að vinna tjón á sjálfum sér eða öðrum. Ef ástand manns eða aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til er heimilt að taka af honum peninga og muni sem hann hefur á sér og hætta þykir á að geti skemmt, eyðilagst eða glatlast.

□ 3. Verðmætum, sem löggregla tekur til varðveislu skv. 2. og 3. mgr., ber að skila aftur þegar maður er láttinn laus, enda séu ekki skilríði til að leggja hald á þau samkvæmt lögum um meðferð [sakamála].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

#### ■ 18. gr. Afskipti af börnum.

□ Löggreglu ber að hafa afskipti af börnum yngri en 16 ára sem eru á stöðum þar sem heilsu þeirra eða velferð er alvarleg hætta búin og koma þeim í hendur forsþármanna eða barnaverndaryfirvalda ef nauðsynlegt þykir.

#### ■ 19. gr. Skylda til að hlýða fyrirmælum löggreglu.

□ Almenningi er skyldt að hlýða fyrirmælum sem löggreglan gefur, svo sem vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi lögum og reglu á almannafæri.

■ **20. gr.** *Skylda til að aðstoða lögreglu.*

- 1. Ef nauðsyn ber til getur lögregla kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, þar á meðal til að afstýra óreglu eða óspektum á almannaþá. Maður er skyldur til að hlýða kvaðningu lögreglu ef hann getur veitt aðstoð án þess að stofna lífi, heilbrigði, velferð eða verulegum hagsmunum sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu.
- 2. Þeir sem kvaddir eru lögreglunni til aðstoðar skv. 1. mgr. fara með lögregluvald meðan þeir gegna starfinu og njóta sömu verndar og aðrir lögreglumenn.

■ **21. gr.** *Bann við að tálma lögreglu í störfum sínum.*

- Enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni lögreglustörfum.

■ **22. gr.** *Pagnarskylda.*

- 1. [Lögreglumenn eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga. Sama gildir um annað starfslið lögreglu.]<sup>1)</sup>
- 2. . . .<sup>1)</sup>
- [3. Ákvæði 1. mgr. skal ekki vera því til fyrirstöðu að lögreglan veiti [tollyfirvöldum]<sup>2)</sup> aðgang að málaskrám sínum og öðrum upplýsingum sem lögregla býr yfir og varða ætluð brot á tollalögum, lögum um ávana- og fíkniefni eða öðrum lögum sem [tollyfirvöldum]<sup>2)</sup> ber að framfylgja, enda séu upplýsingarnar nauðsynlegar í þágu greiningarstarfs [tollyfirvalda].<sup>2)</sup><sup>3)</sup>]

<sup>1)</sup> L. 71/2019, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 141/2019, 46. gr. <sup>3)</sup> L. 147/2008, 45. gr.

■ **23. gr.** *Afskipti af eigin málum eða nákominna vandamanna.*

- Starfsmanni lögreglu er í starfi sínu óheimilt að aðhafast í eigin málum eða nákominna vandamanna nema afskipti hans af máli séu nauðsynleg til verndar lífi eða heilsu manna eða eignum gegn yfirvofandi hættu eða hætta sé á að frestu aðgerðar muni leiða til þess að tilgangi hennar verði ekki náð.

■ **24. gr.** *Afskipti af vinnudeilum.*

- Lögreglu er óheimilt að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar, eins og annars staðar, uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

■ **25. gr.** *Lögreglustörf utan vinnutíma.*

- 1. Lögreglumanni er heimilt að sinna lögreglustörfum í frítíma sínum ef:

a. þess er þörf til verndar lífi eða heilsu fólks eða verulegum opinberum hagsmunum,

b. þess er þörf til að afstýra eða stöðva alvarlegt lögþrot eða

c. þess er þörf til að handtaka megi mann sem grunaður er um alvarlegan refsiverðan verknað.

- 2. Hafi lögreglumaður haft afskipti af máli skv. 1. mgr. ber honum tafarlaust að tilkynna það yfirmanni sínum. Hafi hann unnið slík verk utan starfsumdæmis síns skal hann tilkynna það lögreglustjóra þess umdæmis.

■ **26. gr.** *Heimild til að fela lögreglu tollgæslustörf.*

- [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að ákveða með samkomulagi við [ráðherra er fer með tekjuöflun ríkisins]<sup>2)</sup> að lögreglumenn skuli gegna tollgæslustörfum jafnframt öðrum löggæslustörfum eftir nánari fyrirmælum lögreglustjóra og eftir reglum sem settar eru í samráði við [tollyfirvöld].<sup>3)</sup> Þar sem slík starfstilhögur er ákveðin skal þess getið í auglýsingum um starf lögreglumanns.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 141. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 225. gr. <sup>3)</sup> L. 141/2019, 46. gr.

**IV. kaffli. [Um veitingu starfa í lögreglu og starfslok.]<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 56/2002, 4. gr.

■ **27. gr.** *Fjöldi lögreglumanna.*

- 1. Ráðherra ákveður á hverjum tíma í samráði við ríkis-lögreglustjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi lögreglустjóra fjölda lögreglumanna í hverju umdaemi.

- [2. Ráðherra ákveður á hverjum tíma í samráði við ríkislögreglustjóra, að fengnum tillögum héraðssaksóknara, fjölda lögreglumanna hjá embætti héraðssaksóknara.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 47/2015, 27. gr.

■ **28. gr.** *[Veiting starfa í lögreglu.*

- 1. [Ráðherra skipar ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra til fimm ára í senn. Ráðherra er heimilt að skipa aðstoðarríkislögreglustjóra, sbr. 4. mgr. 5. gr., og aðstoðarlögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum til fimm ára í senn, sbr. 5. mgr. 6. gr.

- 2. Ríkislögreglustjóri, aðstoðarríkislögreglustjóri, lögreglustjórar [og]<sup>1)</sup> aðstoðarlögreglustjórar sem eru staðgenglar lögreglustjóra . . .<sup>1)</sup> skulu auk almennra hæfisskilyrða til þess að hljóta skipun í embætti á vegum ríkisins jafnframt fullnægja eftirtoldum skilyrðum:

- a. . . .<sup>2)</sup>
- b. hafa íslenskan ríkisborgarárétt,
- c. vera svo á sig komnir andlega og líkamlega að þeir geti gegnt embættinu,

- d. vera lögráða og hafa aldrei misst forræði á búi sínu,
- e. [hafa hvorki hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað sem framin var eftir að þeir urðu fullra 18 ára]<sup>3)</sup> né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem lögreglustjórar verða almennt að njóta,

- f. [hafa lokið embættisprófi eða grunnnaði ásamt meistraprófi í lögum].<sup>2)</sup>

- 3. Nú eru fleiri en einn aðstoðarlögreglustjóri við embætti og skal þá einn þeirra vera staðgengill lögreglustjóra. Þeir aðstoðarlögreglustjórar sem ekki eru staðgenglar lögreglustjóra skulu fullnægja skilyrðum [b-e-liða 2. mgr.].<sup>2)</sup> til skipunar í embætti, auk eftirlinna skilyrða um menntun og starfseynslu:

- a. hafa lokið [embættisprófi eða grunnnaði ásamt meistraprófi í lögum],<sup>2)</sup> eða lokið námi frá Lögregluskóla ríkisins [eða diplómaprófi í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, sbr. ákvæði laga um háskóla, nr. 63/2006, þ.m.t. starfsnám á vegum lögreglunnar],<sup>1)</sup> svo og stjórnunarnámi eða öðru sambærilegu námi,

- b. hafa í þrjú ár gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi eða verið stjórnandi innan lögreglunnar, en leggja má saman starfstíma í þessum greinum.

- 4. Lögreglustjóri skipar yfirlögreglubjóna og aðstoðarfyrileögreglubjóna til fimm ára í senn og aðra lögreglumenn til starfa innan embættis síns með sama hætti til fimm ára í senn . . .<sup>2)</sup>. Hver sá sem er skipaður lögreglumaður skal hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins [eða diplómaprófi í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnám á vegum lögreglunnar].<sup>1)</sup> Til að staðreyna hvort viðkomandi uppfyllir skilyrði e-liðar 2. mgr. er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu. Ráðherra setur í reglugerð<sup>4)</sup> nánari fyrirmæli um starfsstig innan lögreglunnar. Um öflun málaskráupplýsinga, þar á meðal umfang upplýsingaöflunarinnar, fræðslu til umsækjenda og starfsmanna í aðdraganda uppflethingar og andmælarétt þeirra, skal nánar mælt fyrir í reglugerð.<sup>5)</sup>

- 5. Ríkislögreglustjóri getur heimilað lögreglustjórum að ráða mann tímabundið til lögreglutarfa vegna orlofstöku,

veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa löggreglumanna þó að hann hafi ekki lokið [þrófi frá Löggregluskóla ríkisins eða diplómaprófi í löggreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnám á vegum löggreglunnar, enda fullnægi hann skilyrðum í a-, b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 38. gr. og enginn með þróf frá Löggregluskóla ríkisins eða diplómapróf í löggreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnám á vegum löggreglunnar, er tiltækur í stöðuna].<sup>1)</sup><sup>6)</sup>

<sup>1)</sup> L. 61/2016, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 50/2021, 7. gr. <sup>3)</sup> L. 141/2018, 17. gr. <sup>4)</sup> Rg. 1051/2006, sbr. 1043/2013. <sup>5)</sup> L. 51/2014, 7. gr. <sup>6)</sup> L. 46/2006, 5. gr.

■ [28. gr. a. Heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám lögreglu.]

□ Engan má skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur [hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknad sem framinn var eftir að hann varð fullra 18 ára]<sup>1)</sup> eða sýnt af sértáttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám lögreglu.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 141/2018, 18. gr. <sup>2)</sup> L. 51/2014, 8. gr.

■ [29. gr. Heitstafur:]

□ Allir löggreglumenn sem eru skipaðir eða ráðnir til starfa skulu vinna svofelt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður að löggreglumannstarfa minn skal ég rækja með kostgæfini og samviskusemi í hvívetna og vinna að því eftir fremsta megni að halda uppi stjórnarskrá lýðveldisins og öðrum lögum þess.

■ [29. gr. a. Starfslokaaldur:]

□ Löggreglumenn skulu leystir frá embætti þegar þeir eru örðnir fullra 65 ára eða fyrr, eftir því sem [ráðherra]<sup>1)</sup> ákvæður með reglugerð.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 141. gr. <sup>2)</sup> L. 56/2002, 3. gr.

V. kaffli. Atriði sem varða starfskjör löggreglumanna.

■ [30. gr. Bótagreiðslur:]

□ Ríkissjóður skal bæta löggreglumönnum líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Greiða skal bætur fyrir missi framfæranda ef því er að skipta.

■ [31. gr. Bann við verkföllum:]

□ Löggreglumenn mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

■ [32. gr. Aukastörf:]

□ 1. Heimilt er að fela löggreglumanni að vinna fyrir sann-gjarnart endurgjald aukastörf í þágu ríkisins, enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum er stöðu hans fylgja.

□ 2. Áður en löggreglumaður hyggst, samhliða starfi sínu, taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, ganga í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar ber honum að skýra löggreglustjóra frá því. Innan tveggja vikna skal löggreglumanni skýrt frá því ef áðurnefnd starfsemi telst ósamrýmanleg stöðu hans og honum bannað að hafa hana með höndum. Bera má slíkt bann undir ríkislöggreglustjóra.

□ 3. Rétt er að banna starfsmanni slíka starfsemi sem í 2. mgr. segir ef það er síðar leitt í ljós að hún megi ekki saman fara starfi hans í þjónustu ríkisins.

□ 4. Við mat á því hvort starfsemi teljist ósamrýmanleg löggreglusterfi skal horft til þess hvort ástæða er til að ætla að aukastarfið valdi vanrækslu á þeim störfum sem stöðu hans fylgja, ástæða er til að ætla að það brjóti á einhværn hátt í bága við löggreglusterfið eða það geti með öðrum hætti hamlað því að viðkomandi geti sinnt löggreglusterfinu forsvaranlega.

□ 5. [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur almennar reglur<sup>2)</sup> um hvaða aukastörf teljist heimil.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 141. gr. <sup>2)</sup> Rgl. 919/2019.

VI. kaffli. Löggaæslukostnaður.

■ [33. gr. Kostnaður við rekstur lögreglu:]

□ Kostnaður af starfsemi löggreglunnar greiðist úr ríkissjóði.

■ [34. gr. Sérstakur löggaæslukostnaður:]

□ 1. . . .<sup>1)</sup>

□ 2. [Löggreglustjóra er heimilt í sérstökum reglum<sup>2)</sup> sem [ráðherra]<sup>3)</sup> setur að]<sup>1)</sup> kveða á um greiðslu kostnaðar af gæslustörfum vegna framkvæmda á almannafærri og flutnings á óvenjulegum eða hættulegum farmi þar sem löggreglustjóri telur nauðsynlegt að fyrirskipa slíka löggaæslu.

□ [Heimilt er að leggja á gjöld sem ætlað er að standa undir kostnaði við vinnu lögreglu vegna bakgrunnsathugunar á einstaklingi og útgáfu öryggisvottunar í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur. Við ákvörðun gjalda er heimilt að leggja til grundvallar kostnað vegna vinnu við stofnun og skráningu máls, úrvinnslu gagna, skoðunar, skráningar og vöktunar í skráningarkerfum lögreglu eða öðrum gagnagrunnum og stjórnsýslulegrar meðferðar, svo sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Skilyrði gjaldtökum er að kveðið sé á um heimild til bakgrunnsathugunar í lögum. Ráðherra staðfestir gjaldskrá þjónustunnar. Gjaldskrá skal birt með tryggum hætti þar sem m.a. er kveðið nánar á um fjárhæð gjalds, sundurliðun þess ef við á og innheimtu.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 85/2007, 28. gr. <sup>2)</sup> Rg. 289/2004. <sup>3)</sup> L. 162/2010, 141. gr. <sup>4)</sup> L. 50/2012, 23. gr.

VII. kaffli. [Kærur og kvartanir á hendur lögreglu].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/2016, 1. gr.

■ [35. gr. Eftirlitsnefnd:]

□ 1. Ráðherra skipar nefnd sem hefur eftirlit með störfum lögreglu. Nefndin er sjálfstæð stjórnsýslunefnd og er ekki unnt að skjóta ákvörðunum hennar til æðra stjórnavalda.

□ 2. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Nefndarmenn skulu hafa lokið embættis- eða meistaraprófi í lögfræði. Mannréttindaskrifstofa Íslands tilnefni einn nefndarmann, Lögmannafélag Íslands annan en ráðherra skipar þann þriðja án tilnefningar og skal hann jafnframta vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn. Formaður ræður starfsmenn eftirlitsnefndar. Ráðherra ákvæður laun og önnur starfskjör nefndarmanna.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/2016, 1. gr.

■ [35. gr. a. Hlutverk eftirlitsnefndar:]

□ [1. Hlutverk eftirlitsnefndar er að:

a. taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans,

b. taka til meðferðar kvartanir vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald; berist slíkar kvartanir til annarra embætta eða stofnana skulu þær framsendar nefndinni án tafar,

c. taka atvik og verklag lögreglu til skoðunar að eigin frumkvæði þegar nefndin telur tilefni til.

□ 2. Nefndin skal taka rökstudda afstöðu til hinnar ætluðu að finnsluverðu starfsaðferðar eða framkomu og senda við-eigandi embætti kvörtun til frekari meðferðar ef tilefni er til.

□ 3. Nefndin skal fylgjast með meðferð viðkomandi embættis á erindum sem stafa frá henni og embætti sem fá til meðferðar kvartanir sem heyra undir nefndina skulu tilkynna henni um niðurstöður þeirra. Nefndin skal einnig senda við-eigandi embætti eða eftir atvikum öðrum stjórnvöldum at-

hugasemdir símar við afgreiðslu einstakra mála eða tilmæli um aðrar aðgerðir ef henni þykir tilefni til.

- 4. Berist nefndinni erindi um ætlaða refsiverða háttsemi skal erindinu beint án tafar til héraðssaksóknara eða eftir atvikum ríkissaksóknara. Híð sama á við ef einstaklingur lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni í tengslum við störf löggreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot.
- 5. Nefndin skal vísa erindum frá séu tvö ár liðin frá þeirri háttsemi sem kvörtun lýtur að nema sérstakar ástæður mæli með því að taka málið til meðferðar.
- 6. Ríkissaksóknara, héraðssaksóknara og löggreglustjórum, þ.m.t. ríkislöggreglustjóra, er skylt að afhenda nefndinni þær upplýsingar sem hún þarf til að sinna starfsskyldum sínum.
- 7. Nefndin er bundin þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Nefndin er einnig bundin þagnarskyldu um efni gagna og upplýsinga sem hún fær frá ákærvalds- og löggæsluembættum á sama hátt og starfsmenn þeirra embætta.
- 8. Ráðherra setur nánari reglur<sup>1)</sup> um starfsemi nefndarinnar, þar á meðal um tímafresti, eftirfylgni mála og birtingu upplýsinga.<sup>2)[3]</sup>

<sup>1)</sup> Rgl. 222/2017. <sup>2)</sup> L. 50/2021, 8. gr. <sup>3)</sup> L. 62/2016, 1. gr.

- [35. gr. b. *Meðferð kærur á hendur starfsmanni löggreglu.* □ [1. Héraðssaksóknari rannsakar kærur á hendur starfsmanni löggreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans. Híð sama á við um atvik þegar maður lætur lífið, hann verður fyrir stórfelldu líkamstjóni eða lífi manns er hætta búin í tengslum við störf löggreglu, óháð því hvort grunur er um refsivert brot. Ef rannsókn á því máli leiðir til þess að rannsakað er annað eða önnur brot skal héraðssaksóknari ákveða hvort hann fari jafnframt með rannsókn þeirra brota.
- 2. Héraðssaksóknari rannsakar kærur á hendur starfsmanni löggreglu fyrir ætlað refsivert brot utan starfs, varði brot þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi, eða varði brot gegn ákvæði XXII. eða XXIII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.
- 3. Ríkissaksóknari fer með rannsókn skv. 1. og 2. mgr. ef rannsókn beinist að löggreglumann sem starfar hjá héraðssaksóknara eða öðrum starfsmanni hans. Við meðferð slíkra mála getur ríkissaksóknari beitt þeim heimildum sem löggreglu hefur endranært. Löggreglu ber að veita ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn mála samkvæmt þessari málsgrein eftir því sem óskað er.
- 4. Héraðssaksóknari eða ríkissaksóknari skal taka ákvörðun um hvort hefja skuli rannsókn eða vísa kærur frá svo fljótt sem verða má, þó eigi síðar en þremur mánuðum frá móttöku kærur. Um málsméðferð fer eftir lögum um meðferð sakamála.
- 5. Héraðssaksóknara eða ríkissaksóknara ber að tilkynna eftirlitsnefnd um rannsókn málss skv. 1. og 2. mgr. sem og um afdrif máls.
- 6. Löggreglustjórum ber að vekja athygli héraðssaksóknara á ætludum brotum starfsmanna sinna skv. 1. málsl. 1. mgr. eða á atvikum skv. 2. málsl. 1. mgr.<sup>1)[2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 50/2021, 9. gr. <sup>2)</sup> L. 62/2016, 1. gr.

### VIII. kafli. [Menntun löggreglu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 61/2016, 5. gr.

- 36. gr. [Ætlan um endurnýjun í löggreglu ríkisins. □ Ríkislöggreglustjóri gerir ár hvert greiningu á æskilegum fjölda nemenda í starfsnámi hjá löggreglu á grundvelli áætlunar um endurnýjun í löggreglu ríkisins. Hafa skal þá greiningu

til hliðsjónar við mat á inntöku nema í starfsnám hjá löggreglu ár hvert.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 61/2016, 5. gr.

### ■ 37. gr. [Mennta- og starfsþróunarselur löggreglu.

- 1. Mennta- og starfsþróunarselur löggreglu starfar innan embættis ríkislöggreglustjóra.
- 2. Hlutverk mennta- og starfsþróunarselurs er m.a.:
  - a. að annast starfsnám nema í löggreglufræðum við háskóla, sbr. 38. gr., í samstarfi við háskóla,
  - b. að hafa umsjón með símenntun löggreglumanninn löggreglu,
  - c. að annast skipulagningu og framboð sérhæfðra námskeiða, eftir atvikum í samstarfi við háskóla eða á grundvelli alþjóðasamstarfs,
  - d. að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um menntun löggreglumanninn,
  - e. að annast alþjóðasamskipti á vettvangi löggreglumenntunar,
  - f. að annast önnur verkefni er lúta að menntun og fræðslu löggreglu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 61/2016, 5. gr.

### ■ 38. gr. [Inntökuskilyrði nema í starfsnám hjá löggreglu.

- 1. Mennta- og starfsþróunarselur löggreglu annast starfsnám löggreglunema og velur nema í starfsnám í samstarfi við háskóla. Ákvörðun setursins um val á nemum í starfsnám er endanleg. Nemar í starfsnámi skulu fullnægja eftirtöldum almennum skilyrðum:
  - a. vera íslenskir ríkisborgarar, 20 ára eða eldri,
  - b. hafa ekki gerst brotlegir við refsilög, þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt er um liðið frá því að það var framið, né hafa sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem löggreglumenn verða almennt að njóta,
  - c. vera andlega og líkamlega heilbrigðir og standast læknisskoðun trúnaðarlaenki samkvæmt fyrilliggjandi kröfum sem mennta- og starfsþróunarselur löggreglu setur reglur um í samstarfi við háskóla,
  - d. hafa lokið stúdentsprófi eða annarri sambærilegri menntun,
  - e. samkvæmt nánari kröfum sem ráðherra setur með reglugerð, á grundvelli tillagna frá mennta- og starfsþróunarselri löggreglu, m.a. um menntun, starfspjálfun, tungumála-kunnáttu og líkamlega færni.
- 2. Til að sannreyna hvort viðkomandi uppfylli skilyrði biliðar 1. mgr. er mennta- og starfsþróunarselri löggreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám löggreglu.<sup>1)[1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 61/2016, 5. gr.

### ■ 39. gr. [Samningar um kennslu- og rannsóknastarfsemi á svíði löggreglufræða.

- 1. Ráðherra sem fer með mállefni háskóla gerir samninga við háskóla um kennslu- og rannsóknastarfsemi á svíði löggreglufræða í samræmi við ákvæði 21. gr. laga um háskóla. Við gerð samnings skal haft samráð við mennta- og starfsþróunarselur löggreglu.
- 2. Í samningum skv. 1. mgr. skulu koma fram lágmarks-kröfur um inntak og gæði náms í löggreglufræðum, helstu áherslur í kennslunni, námskrár, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og annað sem talioð er æskilegt af hálfu samningsaðila. Þá skal kveðið á um sérstök inntökuskilyrði, nemendafjölda, gjaldtöku af nemendum og greiðslur fyrir aðra þjónustu sem veitt er á grundvelli samningsins.

□ 3. Samráð skal haft við mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu þegar fjallað er um framkvæmd kennslu- og rannsóknastarfsemi á sviði löggreglufræða á árlegum samráðsfundi háskóla með ráðherra sem fer með málefni háskóla.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 61/2016, 5. gr.

■ [39. gr. a. Reglugerð um starfsemi mennta- og starfsþróunarseturs löggreglu.

□ Ráðherra setur í reglugerð,<sup>1)</sup> að fenginni tillögu mennta- og starfsþróunarseturs, nánari fyrirmæli um framboð sérhæfðra námskeiða, inntökuskilyrði nema í starfsnám og starfsemi mennta- og starfsþróunarseturs löggreglu.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 490/1997, sbr. 1102/2008 og 445/2015. Rg. 221/2017. <sup>2)</sup> L. 61/2016, 5. gr.

[IX. kafli. Vinnsla og miðlun persónuupplýsinga.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/2019, 37. gr.

■ [40. gr.

□ Löggreglu er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra upplýsinga sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg vegna starfsemi og hlutverks hennar samkvæmt lögum þessum. Um vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/2019, 37. gr.

■ [41. gr.

□ Löggreglu er heimilt að miðla persónuupplýsingum að því marki sem telst nauðsynlegt vegna starfsemi og hlutverks hennar samkvæmt lögum þessum. Um miðlun persónuupplýsinga löggreglu fer einnig eftir ákvæðum III. kafla laga um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/2019, 37. gr.

■ [42. gr.

□ Í samræmi við ákvæði tollalaga er löggreglu heimilt að safna og skiptast á upplýsingum um farþega og áhöfn við aðra handhafa löggregluvalds og [tollyfirvöld]<sup>1)</sup> í págu eftirlits og greiningarstarfs eða vegna rannsókna á ætluðum brotum.

□ Löggreglu er heimilt að miðla upplýsingum um farþega og áhöfn til erlendra yfirvalda að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir, koma upp um, rannsaka eða saksækja fyrir hryðjuverk eða önnur alvarleg afbrot. Um slíka miðlun fer að öðru leyti eftir ákvæðum III. kafla laga um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um miðlun upplýsinga samkvæmt ákvæði

þessu, þar á meðal hvaða embætti eða stofnun skuli annast slíka miðlun.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 141/2019, 46. gr. <sup>2)</sup> L. 75/2019, 37. gr.

[X. kafli.]<sup>1)</sup> Ýmis ákvæði.

<sup>1)</sup> L. 75/2019, 37. gr.

■ [43. gr.]<sup>1)</sup> Nánari reglur um framkvæmd laganna.

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> setur nánari reglur<sup>3)</sup> um framkvæmd laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 75/2019, 37. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 141. gr. <sup>3)</sup> Rg. 289/2004. Rg. 192/2008. Rg. 350/2009, sbr. 301/2014 og 416/2024. Rg. 1151/2011. Rg. 660/2017. Rg. 280/2020. Rg. 325/2021. Rg. 690/2021.

■ [44. gr.]<sup>1)</sup> Refsingar.

□ Brot gegn 19.–21. gr. varða físektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

<sup>1)</sup> L. 75/2019, 37. gr.

■ [45. gr.]<sup>1)</sup> Gildistaka.

□ 1. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

□ . . .

<sup>1)</sup> L. 75/2019, 37. gr.

■ [46. gr.]<sup>1)</sup> . . .

<sup>1)</sup> L. 75/2019, 37. gr.

[XI. kafli.]<sup>1)</sup> Ákvæði til bráðabirgða.

<sup>1)</sup> L. 75/2019, 37. gr.

■ [47. gr.]<sup>1)</sup> Niðurlagning Rannsóknarlöggreglu ríkisins. . . .

<sup>1)</sup> L. 75/2019, 37. gr.

■ [[48. gr.]]<sup>1)</sup> Undanþága frá aldursskilyrði. . . . ]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/2019, 37. gr. <sup>2)</sup> L. 29/1998, 7. gr.

■ [[49. gr.]]<sup>1)</sup>

□ 1. Þeir sem náð hafa 63 ára aldri við gildistöku laga þessara en eru ekki orðnir 65 ára geta innan sex mánaða frá gildistöku laganna óskad eftir því að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um þá. Nái þeir 65 ára aldri innan sex mánaða frá gildistöku laganna skulu þeir setja fram slíka ósk áður en þeim aldri er náð. Óski löggreglumaður eftir því að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um hann skal hann senda bréflega tilkynningu þess efnis til embættis ríkislöggreglustjóra.

□ 2. Þeim sem náð hafa 65 ára aldri við gildistöku laganna en eru ekki orðnir 70 ára skal veitt lausn frá embætti í síðasta lagi frá og með 1. maí 2003 nema þeir óski þess fyrir þann tíma að eldri reglur um starfslokaaldur gildi um þá. Skal þá senda bréflega tilkynningu þess efnis til embættis ríkislöggreglustjóra.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 75/2019, 37. gr. <sup>2)</sup> L. 56/2002, 7. gr.